

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 2000

30. ágúst 2000

1909

Nr. 618

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 176/1998 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota viðarvarnarefni sem í er meira en 0,1%¹⁾ af pentaklórfenóli, söltum þess eða esterum.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Óheimilt er að flytja inn, selja eða dreifa trjáviði sem meðhöndlaður hefur verið með efnum sem bönnuð eru samkvæmt ákvæðum 5. gr.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða dreifa trjáviði sem meðhöndlaður hefur verið með efnum sem bönnuð eru samkvæmt ákvæðum 6. gr. nema til nota í samræmi við ákvæði 8. gr.

3. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Nýjan trjávið sem meðhöndlaður hefur verið með viðarvarnarefnum, sbr. ákvæði 6. gr., má einungis nota í faglegum tilgangi og í iðnaði, t.d. í tengslum við samgöngur, raforkuflutninga og fjarskiptatækni, í girðingar og mannvirki við hafnir og siglingaleiðir. Heimilt er að setja á endursölumarkað eldri trjávið sem meðhöndlaður hefur verið með slíkri viðarvörn.

Óheimilt er að nota trjávið sem meðhöndlaður hefur verið með viðarvarnarefnum, sbr. 6. gr., inni í byggingum hvort sem um er að ræða íbúðarhús, orlofshús eða vinnustaði. Slíkan við er einnig óheimilt að nota til endurvinnslu eða í ílát sem ætluð eru til ræktunar, svo og við framleiðslu á umbúðum sem geta komist í snertingu við hráefni eða vörur sem ætlaðar eru til neyslu.

Óheimilt er að nota nýjan og eldri við, sem meðhöndlaður hefur verið samkvæmt ákvæðum 6. gr., á leikvöllum, skemmtisvæðum fyrir almenning og á öðrum stöðum utanhúss þar sem hætta er á að viðurinn komist í snertingu við húð.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

¹⁾ Hlutfall miðað við þyngd.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, ásamt breytingum í tilskipun 1999/51/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 413/2000 um breytingu á reglugerð nr. 176/1998 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn.

Umhverfissráðuneytinu, 30. ágúst 2000.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

**um bann við notkun gróðurhindrandi efna sem í eru
kvikasilfurssambönd, arsensambönd og lífræn tinsambönd.**

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til málningar og annarrar efnavöru sem ætluð er til að hindra vöxt gróðurs og annarra lífvera á ýmsum tækjabúnaði og mannvirkjum.

Lífræn tinsambönd taka í þessari reglugerð til efnasambanda þar sem tin er bundið alkýl- eða akrýlhópum, t.d. trífútyltin.

Gróðurhindrandi efni taka til efna sem ætlað er að halda í skefjum vexti og hindra bólfestu gróðurs (örvera og æðri plantna- og dýrategunda) á skipum, fiskeldibúnaði eða öðrum byggingum og búnaði sem notaður er í vatni.

2. gr.

Takmarkanir.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota lífræn tinsambönd sem gróðurhindrandi efni í málningu ef tinsamböndin eru á óbundnu formi í málningunni (free association antifouling paint).

Óheimilt er að nota gróðurhindrandi efni sem í eru kvikasilfurssambönd, arsensambönd eða lífræn tinsambönd á báta, skipskrokka, búr, flotbúnað, net eða önnur tæki eða búnað fyrir fisk- eða skelfiskseldi. Einnig er óheimilt að nota slík efni á tæki og hluti sem eru alveg eða að hluta til undir vatni.

Óheimilt er að nota kvikasilfurssambönd, arsensambönd eða lífræn tinsambönd við meðhöndlun iðnaðarvatns, óháð notkun vatnsins.

3. gr.

Undanþágur.

Bann samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tekur ekki til notkunar lífrænna tinsambanda á skip sem eru lengri en 25 metrar að mestu lengd (skv. ISO-staðli 8666). Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem notuð eru á ám, vötnum eða skipaskurðum.